Ársskýrsla stjórnar Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna og kvára á Íslandi 2026

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna og kvára, hafa nú starfað í yfir 12 ár og blómstra sem aldrei fyrr. Nýir stjórnarmeðlimir bera með sér ferskan andblæ þótt haldið sé í hefðir og rætur sem fyrir voru séu nærðar og styrktar.

Nýr formaður var kjörinn á aðalfundi 2025. Helga Dögg Björgvinsdóttir var þar einróma kjörin nýr formaður og tók við því embætti af Sigþrúði Guðmundsdóttur sem vék úr stjórn á sama tíma. Sigþrúður hafði gegnt hlutverki formanns frá aðalfundi 2023. Helga Dögg er fjórði formaður Fjöruverðlaunanna en forveri Sigþrúðar var Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sem var formaður frá 2016 til 2023. Fyrsti formaður Fjöruverðlaunanna var Védís Skarphéðinsdóttir en hún var kjörin formaður á stofnfundi Fjöruverðlaunanna árið 2014.

Á aðalfundi var stjórn falið að finna og skipa varamann þar sem engin framboð höfðu borist. Skömmu eftir aðalfund var Fjóla K. Guðmundsdóttir skipuð varamaður. Lét hún strax til sín taka í stjórnarstarfi, endurskipulagði samfélagsmiðla verðlaunanna og stofnaði Instagram-reikning. Þegar leið á starfsárið tilkynnti Erla E. Völudóttir, gjaldkeri, að hún hugðist flytja af landi brott og myndi því hætta stjórnarsetu. Síðsumars urðu því hlutverkaskipti innan stjórnar. Erla gekk úr stjórn, Fjóla kom inn í aðalstjórn og tók við hlutverki ritara og Brynhildur, sem var ritari, tók við hlutverki gjaldkera.

Samstarf við Rithöfundasamband Íslands var áfram með miklum ágætum en sambandið sér um að taka við bókum sem lagðar eru fram til verðlaunanna.

Á starfsárinu stóðu Fjöruverðlaunin að ljóðakvöldi í samstarfi við Kvenréttindafélag Íslands. Kvöldið var vel sótt og vel heppnað og gefur tilefni til frekara samstarfs við Kvenréttindafélagið.

Fjárhagur og félagatal 2025–2026

Allt frá stofnun félagsins árið 2014 hefur verið unnið að því að straumlínulaga rekstur Fjöruverðlaunanna og því að koma á föstum styrktarlínum. Í því felst að öll umsýsla og undirbúningur er auðveldari og framtíð verðlaunanna tryggari.

Á starfsárinu greiddu 116 félagar félagsgjöld, þ.e. 62% af félagatali, samtals kr. 290.000.

Tekjur félagsins á árinu voru 338.539 krónur (þ.e. félagsgjöld, sala á límmiðum og innvextir), og ná ekki yfir gjöld verðlaunanna. Ljóst er að stjórn þarf að vinna hart að því í vetur að gera verðlaunin sjálfbær.

Útgjöld Fjöruverðlaunanna

2014–2015:	307.847 kr.
2015–2016:	286.666 kr.
2016–2017:	259.366 kr.
2017–2018:	150.956 kr.
2018–2019:	124.885 kr.
2019–2020:	217.824 kr.
2020–2021:	365.420 kr.
2021–2022:	291.246 kr.
2022–2023:	296.634 kr.
2023–2024:	427.010 kr.
2024–2025:	259.810 kr.
2025-2026:	**470.405 kr.**

Fjöruverðlaunin hafa aldrei verið peningaverðlaun og ljóst er að þau verða það ekki nema til komi mikið og samstillt átak stjórnar, félagsfólks, hagsmunaaðila fyrirtækja og opinberra aðila.

Félagsfólk í Félagi um Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna var 186 undir lok starfsárs.

Starfsárið 2025–2026

Helga Dögg Björgvinsdóttir er formaður, með henni sitja í stjórn Fjóla K. Guðmundsdóttir og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir. Erla E. Völudóttir gekk úr stjórn seint á starfsárinu. Skoðunarmenn reikninga eru Védís Skarphéðinsdóttir og Elín Björk Jóhannsdóttir.

Aðalfundur Fjöruverðlaunanna var haldinn á Teams þann 16. október 2025. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf og gekk fundurinn snurðulaust fyrir sig.

Auglýst var eftir bókum eftir konur til að leggja fram til verðlaunanna fyrir 30. október 2025. Ef bækur voru ekki komnar út fyrir þann tíma, var bókaútgefendum boðið að senda rafrænt eintak á dómnefnd og skila inn þremur eintökum af verkinu fyrir 13. nóvember 2025. Dómnefndir verðlaunanna voru fullskipaðar og höfðu verklagsreglur sér til fulltingis. Félag íslenskra bókaútgefenda sá um að auglýsa eftir bókum frá útgefendum, Rithöfundasamband Íslands sá um móttöku, en stjórnarkonur deildu systurlega með sér keyrslu á bókum til dómnefnda.

107 bækur voru lagðar fram til mats vegna Fjöruverðlaunanna 2026. Þær skiptust þannig: 39 bækur í flokki barna- og unglingabókmennta, 52 í flokki fagurbókmennta og 16 í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Þetta er umtalsvert fjölgun frá árinu á undan þegar aðeins 81 bók var lögð fram.

Tilnefningar til Fjöruverðlaunanna voru kynntar á tilnefningarhátíð í Borgarbókasafninu 4. desember 2025. Tilnefndir höfundar og bækur voru kynntar með smámyndum á samfélagsmiðlum og einnig var fréttatilkynning send út til fjölmiðla.

Þessar bækur og höfundar hlutu tilnefningu til Fjöruverðlaunanna 2026:

Í flokki fagurbókmennta

- *Blái pardusinn, hljóðbók* eftir Sigrúnu Pálsdóttur
- *Hvalbak* eftir Maó Alheimsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Postulín* eftir Sunnu Dís Másdóttur

Í flokki barna- og unglingabókmennta

- *Hjartslátturinn hennar Lóu* eftir Kristínu Cardew og Lilju Cardew
- *Silfurgengið* eftir Brynhildi Þórarinsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Sólgos* eftir Arndísi Þórarinsdóttur

Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- *Hennar rödd: Sögur kvenna af erlendum uppruna á Íslandi*, ritstjórar Elinóra Guðmundsdóttir, Chanel Björk Sturludóttur og Elínborg Kolbeinsdóttir
- *Drífa Viðar*, ritstjórar Kristín Guðrún Jónsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir og Auður Aðalsteinsdóttir, **sem hlaut verðlaunin**
- *Piparmeyjar: Fröken Thora og saga einhleypra kvenna á Íslandi* eftir Sigríði Kristínu Þorgrímsdóttur

Reykjavíkurborg, sem er ein af bókmenntaborgum UNESCO, er sérlegur verndari verðlaunanna. Samstarfið er skilmálalaust en stjórn Fjöruverðlaunanna hefur ítrekað við borgina að þau vilji halda sjálfstæði og sjálfræði – eiga sig sjálf. Aðkoma Bókmenntaborgarinnar felur í sér að hún hefur og mun til framtíðar fjármagna og hýsa verðlaunaafhendinguna.

Fjöruverðlaunin 2026 voru afhent 5. mars 2026 í Höfða. Formaður stjórnar, Helga Dögg Björgvinsdóttir, tilkynnti verðlaunin. Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri Bókmenntarborgar UNESCO – Reykjavík, ávarpaði gesti og afhenti blóm og verðlaunagripi. Verðlaunahafar árið 2026 fengu í verðlaun áletrað egg hannað af Koggu, sem er dyggur styrktaraðili Fjöruverðlaunanna. Pipar/TBWA hannar merki verðlaunanna sem uppfært er árlega fyrir nýjar verðlaunabækur. Verðlaununum voru gerð góð skil í öllum helstu fjölmiðlum og netmiðlum.

Dómnefndir unnu óeigingjarnt starf og eru þeim færðar þakkir fyrir. Í dómnefnd fagurbókmennta sátu Jóna Guðbjörg Torfadóttir, Unnur Steina Knarran Karls og Sigrún Birna Björnsdóttir, í dómnefnd fræðibóka og rita almenns eðlis sátu Brynja Helgu Baldursdóttir, Hulda Steingrímsdóttir og Sólveig Ásta Sigurðardóttir, og í dómnefnd barna- og unglingabókmennta sátu Helga Birgisdóttir, Júlía Margrét Sveinsdóttir og Sunna Skúladóttir.

Samstarf við dómnefndir, Rithöfundasambandið, Félag íslenskra bókaútgefenda, Borgarbókasafn, Pipar/TBWA, Koggu og Reykjavíkurborg gekk með eindæmum vel. Er öllum hlutaðeigandi þakkað samstarfið.

Yfirstandandi og áframhaldandi verkefni

Á aðalfundi 2018 var ákveðið að afhenda á árinu öll gögn Fjöruverðlaunanna til Kvennasögusafns Íslands og endurbæta vefsíðu félagsins, birta þar t.d. upplýsingar um allar bækur sem tilnefndar hafa verið til Fjöruverðlaunanna til að auka sýnileika rithöfunda og gefa út sérstaka útgáfu vefsíðunnar á ensku. Þeirri vinnu er enn ólokið.